

Sparisjóður Norðfjarðar

Ársreikningur 2008

Sparisjóður Norðfjarðar
Egilsbraut 25
740 Neskaupstaður

kt. 610269-7029

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur Sparisjóðs Norðfjarðar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Afkoma og eigið fé

Samkvæmt rekstrarreikningi 2008 nam tap ársins 815,5 millj.kr. en bókfært eigið fé í lok árs nam 135,2 millj. kr. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er neikvætt um 0,9 % en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Sparisjóðurinn uppfyllir því ekki skilyrði um lögbindið lágmarks eigið fé en sjóðurinn er rekinn á undanþágu hjá Fjármálaeftirlitinu.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 313,7 millj.kr. og skiptist það í jafn marga hluti sem eru í eigu 81 aðila.

Stjórn sjóðsins leggur til að ekki verði greiddur arður til stofnfjáraðila á árinu 2009 vegna ársins 2008. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Á árinu störfuðu 12 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum í 11,5 stöðugildum og námu launagreiðslur samtals 118,0 millj. kr.

Yfirlit um helstu atburði ársins

Í byrjun október voru sett neyðarlög um fjármálamarkaði og voru skilaneindir settar yfir viðskiptabankana í framhaldi af því. Bankahrunið og þróun á fjármálamarkaði almennt hefur haft veruleg áhrif á rekstur sparisjóðsins og víðtæk áhrif í viðskiptalífínu. Möguleikar viðskiptavina sparisjóðsins til endurgreiðslu skuldbindinga sinna við hann hafa rýrnað og varúðarniðurfærslur hækkað mikið vegna þess. Það mun taka tíma að meta endanlega áhrif hrunsins. Sparisjóðurinn átti eignir við viðskiptabankana á þeim tíma sem þeir voru yfirteknir af Fjármálaeftirlitinu. Sparisjóðurinn hefur metið þær stöður og fært áhrif þess í ársreikninginn.

Álit og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sparisjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og reikningsskil lánastofnana. Er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2008 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2008.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðfjarðar hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og sparisjóðsstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Neskaupstað, 7. maí 2009

Stjórn:

Sparisjóðsstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda Sparisjóðs Norðfjarðar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Abyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Abyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Fyrirvari

Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar nemur tap ársins 815,5 millj. kr. og eigið fé sparisjóðsins nam um 135,2 millj. kr. í árslok 2008. Eiginfjárlutfall eins og það reiknað skv. lögum um fjármálafyrirtæki er neikvætt um 0,9% en má ekki vera lægra en 8,0%.

Eins og fram kemur í skýringu 33 með ársreikningnum hafa atburðir í íslensku efnahagslífi orðið til þess að sparisjóðurinn tapaði verulegum fjárhæðum á fjárfestingum í verðbréfum og hefur það haft mikil áhrif á eigið fé hans. Því leikur vafi á rekstrarhæfi sparisjóðsins. Ekki er víst að mat eigna og skulda sparisjóðsins væri með sama hætti ef rekstur hans legðist af. Framsetning eigna og skulda í efnahagsreikningi miðast þó við áframhaldandi rekstur.

Álit

Það er álit okkar að teknu tilliti til framangreinds fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 7.maí 2009

KPMG hf.

Rekstrarreikningur ársins 2008

	Skýr.	2008	2007
Vaxtatekjur:			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		84.523	51.390
Vaxtatekjur af útlánum		695.510	436.344
Vaxtatekjur af markaðsbréfum		145.508	67.333
	4	<u>925.541</u>	<u>555.067</u>
Vaxtagjöld:			
Vaxtagjöld til lánastofnana		19.685	7.498
Vaxtagjöld af innlánum		671.938	317.559
Vaxtagjöld af lántöku		145.477	73.508
	4	<u>837.100</u>	<u>398.565</u>
		Hreinar vaxtatekjur	156.502
		88.441	156.502
Aðrar rekstrartekjur:			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	5,20	28.289	4.862
Þjónustutekjur	6,15	48.828	44.479
Þjónustugjöld	(9.378)	(8.854)
(Gengistap) -hagnaður	15	(807.502)	389.106
Ýmsar rekstrartekjur		16.642	20.313
		<u>(723.121)</u>	<u>449.906</u>
		(Hrein rekstrargjöld) / hreinar rekstrartekjur	606.408
		(634.680)	606.408
Önnur rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	16	117.987	95.669
Annar almennur rekstrarkostnaður		125.047	100.746
Afskriftir rekstrarfjármuna	12,23	5.095	4.871
		<u>248.129</u>	<u>201.286</u>
Framlag í afskriftarreikning útlána	9,19	(114.502)	(37.294)
		(Tap) / hagnaður fyrir skatta	367.828
		(997.311)	367.828
Tekjuskattur		181.804	(62.993)
		<u>815.507</u>	<u>304.835</u>
		(Tap) / hagnaður ársins	304.835

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2008	2007
Sjóður og kröfur á lánastofnanir			
Sjóður		24.215	28.703
Kröfur á lánastofnanir	18	1.358.978	515.135
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir samtals		<u>1.383.193</u>	<u>543.838</u>
Útlán			
Útlán til viðskiptamanna		3.356.740	3.174.011
Fullnustueignir		135.745	44.227
Útlán samtals	8,19	<u>3.492.485</u>	<u>3.218.238</u>
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:			
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		392.054	1.035.363
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum		300.547	778.278
Hlutir í hlutdeildarfélögum	21	14.100	8.446
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum samtals	11,20	<u>706.701</u>	<u>1.822.087</u>
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir	23	138.517	124.181
Skatteign	7,22	83.382	0
Ýmsar eignir		20.395	22.651
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur		3.382	2.614
Aðrar eignir samtals		<u>245.676</u>	<u>149.446</u>
Eignir samtals		<u><u>5.828.055</u></u>	<u><u>5.733.609</u></u>

31. desember 2008

Skuldir

	Skýr.	2008	2007
Innlán			
Óbundin innlán		1.640.494	1.943.536
Bundin innlán	27	2.206.088	1.308.273
Innlán samtals		<u>3.846.582</u>	<u>3.251.809</u>
Lántaka	28	<u>1.360.212</u>	<u>1.004.434</u>
Aðrar skuldir			
Ýmsar skuldir	29	130.602	71.895
Áfallin gjöld		11.983	14.749
Aðrar skuldir samtals		<u>142.585</u>	<u>86.644</u>
Reiknaðar skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding		163.000	124.290
Tekjuskattsskuldbinding		0	98.422
Reiknaðar skuldbindingar samtals		<u>163.000</u>	<u>222.712</u>
Víkjandi lán	30	<u>180.521</u>	<u>154.696</u>
Eigið fé			
Stofnfé		313.726	216.855
Varasjóður		(178.571)	796.459
Eigið fé samtals	31	<u>135.155</u>	<u>1.013.314</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>5.828.055</u></u>	<u><u>5.733.609</u></u>
Utan efnahagsreiknings			
Skuldbindingar vegna viðskiptamanna	32		

Sjóðstreymisyfirlit fyrir árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar:			
(Tap) hagnaður ársins	31 (815.507)	304.835
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar	(163.264)	(185.378)
Framlag í afskriftareikning útlána	19	114.502	37.294
Tekjuskattur	(181.804)	62.993
Aðrir liðir		5.095	(201.205)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(3.534)	(2.594)
Handbært fé frá rekstri	(1.044.512)	15.945
Fjárfestingarhreyfingar:			
Kröfur á lánastofnanir, breyting	(417.486)	181.926
Útlán, breyting		375.277	(99.455)
Skuldabréf, breyting		226.536	(927.876)
Hlutabréf, breyting		442.129	(131.112)
Hlutdeildarfélög, breyting		5.653	(1.222)
Rekstrarfjármunir	(19.431)	(6.779)
Ýmsar eignir, breyting		2.256	(22.478)
Fjárfestingarhreyfingar		614.935	(1.006.996)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Innlán, breyting		528.888	722.718
Lántaka, breyting	(11.677)	(33.078)
Víkjandi lán, breyting		0	154.696
Ýmsar skuldir, breyting		38.709	29.238
Innborgað stofnfé		47.946	201.000
Greiddur arður af stofnfé	31 (110.598)	(1.564)
Fjármögnunarhreyfingar		493.269	1.073.010
Breyting á handbæru fé		63.692	81.959
Handbært fé í ársbyrjun		266.637	184.678
Handbært fé í árslok		330.329	266.637

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að veltuverðbréf eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, hann er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

2. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild sparisjóðsins í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild sparisjóðsins í tapi þeirra hærra en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema sparisjóðurinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2008. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánnum, lántöku og víkjandi lánnum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

5. Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum

Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

6. Þjónustutekjur

Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla meðal annars tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins þegar þær verða til.

7. Skatteign

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi og matsverð eignarhluta í öðrum félögum er mun hærra en skattverð þeirra. Reiknuð skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu af efnahagsliðum.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll. Tekið er tillit til leiðréttinga vegna fyrri ára.

8. Útlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2009 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2008.

9. Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi.

10. Fullnustueignir

Sparisjóðurinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði í ársreikning sparisjóðsins.

11. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuhlutabréf.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsvirði í árslok.

12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Húsbúnaður	5 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	3-5 ár
Bifreiðar	10 ár

13. Víkjandi lán

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. skýringu 31. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

14. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Skýringar, frh.:

15. Aðrar rekstrartekjur

Þjónustutekjur sundurliðast þannig:	2008	2007
Abyrgðarþóknun	4.485	910
Aðrar þjónustutekjur	44.343	43.569
Samtals	<u>48.828</u>	<u>44.479</u>

Gengis(tap) hagnaður greinist þannig:

Hlutabréf	(508.995)	386.090
Veltuskuldabréf	(270.978)	5.533
Gjaldeyristengdar eignir og skuldir	(27.529)	(2.517)
Samtals	<u>(807.502)</u>	<u>389.106</u>

16. Starfsmannamál

Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	12,0	12,0
Stöðugildi í lok árs	11,5	12,0

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	59.976	60.982
Launatengd gjöld	12.391	12.605
Framlag vegna lífeyrisskuldbindingar	45.620	22.082
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>117.987</u>	<u>95.669</u>

Laun og þóknunir til stjórnar og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig:

Sparisjóðsstjóri	15.126	15.667
Stjórnarformaður	960	960
Aðrir stjórnarmenn (6)	2.880	1.920
Samtals	<u>18.966</u>	<u>18.547</u>

Sparisjóðurinn hefur veitt stjórnarmönnum og sparisjóðsstjóra lán og nema þau 14,8 millj. kr. í árslok 2008. Í framangreindum fjárhæðum eru lán til atvinnurekstrar stjórnarmanna ekki meðtalin. Lánskjör eru hliðstæð og gerist við sambærilegar lánveitingar til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

17. Þóknun endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda sparisjóðsins nam 9,0 millj. kr. árið 2008 og 5,2 millj. kr. árið 2007.

Skýringar, frh.:

18. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:

	2008	2007
Gjaldkræfar kröfur	310.207	237.934
Allt að 3 mánuðir	1.013.524	243.860
Yfir ár og allt að 5 árum	13.747	11.841
Bundnar kröfur á Icebanc hf. samkv. reglum um bindiskyldu	21.500	21.500
Samtals	1.358.978	515.135

19. Útlán

Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

Yfirdráttarlán	449.376	581.690
Skuldabréf	2.907.364	2.592.321
Samtals	3.356.740	3.174.011

Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

Ríki og sveitarfélög	0,2%	0,2%
Atvinnugreinar		
Sjávarútvegur	7,2%	5,9%
Verslun	5,0%	6,1%
Lönaður og verktakar	10,3%	14,3%
Samgöngur	1,7%	2,1%
Fjármálastofnanir	0,4%	1,0%
Þjónusta	16,0%	13,4%
Einstaklingar	59,2%	57,0%
Samtals	100,0%	100,0%

Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræf útlán	107.555	131.835
Allt að 3 mánuðir	368.436	446.202
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	290.872	258.208
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	915.413	706.797
Yfir 5 ár	1.674.464	1.630.969
Samtals	3.356.740	3.174.011

Fullnustueignir greinast þannig:

Fasteignir	128.245	44.227
Tilbúnar lóðir	7.500	0
Samtals	135.745	44.227

Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána greinast þannig:

Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	283.943	276.944
Sérstakur afskriftareikningur útlána	(144.656)	(86.165)
Önnur vaxtafryst útlán	159.256	75.142
Óvaxtaberandi útlán samtals	298.543	265.921

Skýringar, frh.:

Útlán frh.

Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftareikningur		2008	2007
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur útlána í byrjun ársins	86.165	59.697	145.862	135.797
Framlag í afskriftareikning á árinu	111.553	2.949	114.502	37.294
Endanlega töpuð útlán	(53.062)		(53.062)	(27.229)
Afskriftareikningur útlána í lok ársins	<u>144.656</u>	<u>62.646</u>	<u>207.302</u>	<u>145.862</u>
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánnum og veittum ábyrgðum	4,2%	1,8%	6,0%	4,3%

20. Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð
Veltuskuldabréf:		
Önnur skráð bréf	363.953	<u>363.953</u>
Fjárfestingarskuldabréf:		
Skráð í Kauphöll Íslands	28.101	<u>28.101</u>
Samtals		<u>392.054</u>

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig eftir útgefendum:

Skuldabréf útgefin af opinberum aðilum	28.101
Skuldabréf útgefin af öðrum	<u>363.953</u>
Samtals	<u>392.054</u>

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Veltuhlutabréf:	
Óskráð hlutabréf	<u>204.786</u>
Fjárfestingahlutabréf:	
Óskráð hlutabréf	<u>95.761</u>
Samtals	<u>300.547</u>

Skýringar, frh.:

Fjárfestingarhlutabréf greinast þannig:

	Eignarhlutur	Arður	Nafnverð	Bókfært verð
Saga Capital hf., Akureyri	0,05%	0	43.500	43.500
FSP Holding ehf., Rvk	2,12%	0	8.463	20.650
Valitor hf., Reykjavík	0,10%	0	1.642	16.826
Eignarh./Fjárf.félag Austurlands hf., Fjarðabyggð	4,52%	0	8.000	5.876
Intrum á Íslandi ehf., Reykjavík	0,49%	0	3	3.108
Creditinfo Group hf., Reykjavík	0,04%	0	326	1.397
Smárahúsið hf., Kópavogi	1,10%	0	28	1.377
Borgun hf., Reykjavík	0,24%	0	588	1.500
Kreditkort hf., Reykjavík	0,10%	353	588	1.500
Fjölgreiðsumiðlun hf.	1,32%	0	27	27
Uppspretta S.A., Lúxemborg	1,00%	0	100	0
SP-Fjármögnun hf., Reykjavík	0,90%	0	3.431	0
Verðbréfabjónusta Sparisjóðanna hf., Rvk.	1,40%	0	2.967	0
Fjárfestingarbréf, samtals		353		95.761

21. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Reiknistofa bankanna, Reykjavík	0,3%	0	4.830
Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópavogi	1,2%	1.511	9.270
Hlutdeildarfélög samtals		1.511	14.100

22. Reiknuð skatteign

Breytingar á árinu greinast þannig:

Reiknuð skattskuldbinding í ársbyrjun	(98.422)
Leiðrétting 1.1.	4.000
Áhrif lækkunar á skattprósentu	15.737
Reiknuð skatteign vegna ársins 2008	162.067
Reiknuð skatteign í árslok 2008	83.382

Reiknuð skatteign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

Rekstrarfjármunir	(2.513)
Yfirfæranlegt skattalegt tap, nýtanlegt til ársloka 2015	85.895
Reiknuð skatteign í árslok 2008	83.382

Skýringar, frh.:

23. Aðrar eignir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir og lóðir	Húsbúnaður og áhöld	Samtals
Heildarverð 1.1.2008	152.035	48.649	200.684
Eignfært á árinu	20.000	0	20.000
Selt á árinu	0	(569)	(569)
Heildarverð 31.12.2008	172.035	48.080	220.115
Afskrifað áður	41.115	35.387	76.502
Afskrifað á árinu	3.290	1.806	5.096
Afskrifað samtals	44.405	37.193	81.598
Bókfært verð 31.12.2008	127.630	10.887	138.517
Afskriftarhlutföll	2-4%	10-33%	

Fasteignamat húseigna og lóða nam í árslok 110,3 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 303,9 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 60,8 millj. kr. í árslok.

24. Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar tekjur

Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar tekjur greinast þannig:

	2008	2007
Fyrirframgreidd gjöld	247	200
Áfallnar tekjur	3.135	2.414
Samtals	3.382	2.614

25. Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 3.035 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 3.413 millj. kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 576,1 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 631,1 millj. kr.

27. Innlán

Bundin innlán sundurgreinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Allt að 3 mánuðir	264.751	345.368
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	310.903	145.538
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	1.279.322	716.930
Yfir 5 ár	351.112	251.425
Samtals	2.206.088	1.459.261

28. Lántaka

Lántaka er eingöngu í formi lána frá lánastofnunum og koma 138,7 millj. kr. til greiðslu innan árs frá uppgjörsdegi.

29. Aðrar skuldir

Ýmsar skuldir sundurliðast þannig:

Aðrar skuldir	130.602	71.895
Samtals	130.602	71.895

Skýringar, frh.:

30. Víkjandi lán

Verðtryggt lán, vextir 6,5%, gjalddagi 2011	180.521	154.696
---	---------	---------

31. Eigið fé

Stofnfé sparisjóðsins nemur 313,7 millj. kr. og skiptist það á 81 aðila.

Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Eigið fé 1.1.2008	216.855	796.459	1.013.314
Aukning stofnfé á árinu	47.946		47.946
Sérstakt endurmat	10.843	(10.843)	0
Endurmat vegna verðlagsbreytinga	38.082	(38.082)	0
Greiddur arður		(110.598)	(110.598)
Tap ársins		(815.507)	(815.507)
Eigið fé 31.12.2008	313.726	(178.571)	135.155

Eigið fé í lok árs nam 135,2 millj. kr. eða 2,3% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er neikvætt um 0,9%. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

Hlutfallið reiknast þannig:

2008

Heildar eigið fé	135.155
Víkjandi lán	67.578
Eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum	(239.564)
Eiginfjárgrunnur samtals	(36.832)

Heildar eiginfjárfra skiptist þannig:

Útlánaáhætta	248.442
Markaðsáhætta	6.578
Rekstraráhætta	57.647
Eiginfjárfra	312.667
Eiginfjárlutfall	-0,9%

32. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	2008	2007
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	76.640	193.509
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	202.585	215.221

Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári.

33. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Við fall íslensku viðskiptabankanna varð Sparisjóður Norðfjarðar fyrir verulegu fjárhagstjóni sem hefur haft þau áhrif að eiginfjárlutfall sparisjóðsins er komið niður fyrir leyfileg mörk. Í samræmi við ákvæði laga var haft samband við Fjármálaeftirlitið og því kynnt að eiginfjárstaða Sparisjóðs Norðfjarðar væri komin niður fyrir tilskilið 8,0% lágmark.

Um leið og Fjármálaeftirlitinu var kynnt að eiginfjárstaða Sparisjóðs Norðfjarðar væri komin niður fyrir tilskilið lágmark var hafist handa við öflun nýs stofnfjár. Í árslok 2008 var búið að fá vilyrði um nýtt stofnfé frá núverandi og nýjum stofnfjáraðilum fyrir samtals 252,9 millj. kr. Nýtt innborgað stofnfé í desember 2008 nam 47,9 millj. kr. Þá hafa nýir stofnfjáraðilar greitt inn 170 millj. kr. til viðbótar á árinu 2009. Þar af hefur sveitarfélagið Fjarðarbyggð samþykkt að yfirtaka lífeyrisskuldbindingu Sparisjóðs Norðfjarðar við Lífeyrissjóð Neskaupstaðar allt að 140 millj. kr. en lífeyrissjóðsskuldbindingin nam um 163 millj. kr. í árslok 2008. Aðkoma Fjarðarbyggðar er þó háð samþykki Fjármálaeftirlitsins um að sveitarfélagið megi fara með virkan eignarhlut í Sparisjóði Norðfjarðar, en hann verður um 20% eftir hækkun stofnfjár. Aðkoma sveitarfélagsins og eignarhlutur þess er einnig háð aðkomu ríkisins að rekstri sparisjóðsins. Þá hefur einn stofnfjáraðili skuldbundið sig til að leggja fram 35 millj. kr. stofnfjárframlag þegar fyrir liggur að ríkið muni koma að rekstri sparisjóðsins.

Ef nýtt stofnfé að fjárhæð 252,9 millj. kr. hefði verði innborgað í lok desember 2008 hefði eiginfjárlutfall sparisjóðsins verið um 9,0%. Þá hefur stjórn sparisjóðsins ákveðið að sækja um sérstakt framlag úr ríkissjóði í samræmi við reglur sem byggja á 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Þessar reglur gera ráð fyrir því að ríkið geti keypt stofnfé í sparisjóðum fyrir fjárhæð sem janfgildir allt að 20% af bókfærðu eigin fé viðkomandi sparisjóðs í árslok 2007. Í árslok 2007 var bókfært eigið fé sjóðsins 1.013 millj. kr. og gæti ríkið því keypt stofnfé fyrir allt að 202 millj. kr. Hefði þessi aukning átt sér stað fyrir lok desember 2008 hefði eiginfjárlutfall í lok árs verið 14,3% en þá er gert ráð fyrir að allt nýtt stofnfé sé innborgað og það geymt á bankareikningum í öðrum fjármálastofnunum.